Almannaréttur, ábyrg ferðamennska og skyldur stjórnvalda

Samantekt á stefnumótunarfundi SAMÚT 29. október 2026

Inngangur

SAMÚT – Samtök útivistarfélaga – hélt stefnumótunarfund þann 29. október 2026 þar sem fjallað var um sameiginlega hagsmuni aðildarfélaganna og helstu viðfangsefni samtakanna á komandi starfsári. Á fundinum kom fram skýr afstaða til mikilvægis almannaréttar, náttúruverndar og ábyrgrar ferðamennsku. Jafnframt var lögð rík áhersla á að stjórnvöld axli ábyrgð á því að almenningur hafi aðgang að skýrum reglum, áreiðanlegum upplýsingum og vandaðri fræðslu um ferðalög og útivist á Íslandi. Einnig er gerð sú krafa til stjórnvalda að fjarskipti og símasamband á öllu hálendi Íslands verði tryggt.

Megin niðurstaða fundarins er sú að frjáls för um landið óháð ferðamáta og vernd íslenskrar náttúru séu ekki andstæð markmið. Þvert á móti verði að líta á þau sem samverkandi þætti í sjálfbærri nýtingu landsins og sjálfsmynd þjóðar. Forsenda þess sé að réttindi og skyldur ferðafólks séu skýrar, upplýsingar aðgengilegar og stjórnvöld sinni verkefnum sínum af ábyrgð og fagmennsku.

Í umræðunum var jafnframt lögð áhersla á að SAMÚT sé öflugur sameiginlegur málsvari útivistarfélaga, óháð ferðamáta og því hvort félagsmenn ferðist gangandi, á hestum, reiðhjólum, skíðum, vél- eða rafknúnum ökutækjum eða með öðrum hætti. Þótt ferðamátarnir séu ólíkir eiga félögin sameiginlega hagsmuni af því að aðgengi að náttúrunni sé tryggt, umferð sé örugg, upplýsingar fullnægjandi og náttúran njóti verndar.

Af niðurstöðum fundarins má draga fram fjögur megin baráttumál sem lagt er til að verði í forgangi á starfsárinu 2026–2027:

1. að standa vörð um almannarétt og lögmætt ferðafrelsi óháð ferðamáta um Ísland.
2. að kalla eftir því að stjórnvöld axli ábyrgð á fræðslu, leiðbeiningum, merkingum og aðgengilegum upplýsingum um ferðalög og náttúruvernd.
3. að stuðla að ábyrgri ferðamennsku, markvissri náttúruvernd og öflugu samstarfi útivistarfélaga og stjórnvalda.
4. að fjarskiptasamband á hálendi Íslands verði tryggt þannig að ætíð sé mögulegt að ná til viðbragðsaðila ef og þegar nauðsyn krefur

Þessi fjögur viðfangsefni mynda sameiginlegan grundvöll að stefnu SAMÚT fyrir næsta starfsár.

1. Almannaréttur sem grundvallarréttur almennings

Réttur almennings til að ferðast um landið og njóta náttúru Íslands á sér djúpar rætur í íslenskri réttarsögu. Hann er jafnframt lögfestur í náttúruverndarlögum nr. 60/2013, þar sem segir í 17. grein að almenningi sé heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi.

Þessi réttur hefur víðtæka samfélagslega þýðingu. Hann tryggir að aðgangur að náttúrunni sé ekki eingöngu bundinn við eignarhald eða fjárhagslega stöðu einstaklinga. Í þessu felst mikilvæg áhersla um jafnræði borgaranna. Náttúran er uppspretta lífsgæða, heilsubótar, menntunar og menningarlegrar reynslu, sem almenningur á að geta notið.

Í opinberri umræðu um gjaldtöku, lokanir ferðaleiða og aukin umsvif ferðaþjónustu, hefur ítrekað reynt á mörkin milli eignarréttar og almannaréttar. Þar skiptir máli að eignarréttur landeigenda felur ekki sjálfkrafa í sér heimild til að útiloka almenning frá lögmætri umferð um landið. SAMÚT telur brýnt að stjórnvöld standi vörð um þessi grundvallarréttindi og tryggi að ákvarðanir um takmarkanir á umferð byggist á skýrum lagaheimildum, málefnalegum forsendum og meðalhófi. Sérstaklega þarf að gæta þess að náttúruvernd verði ekki notuð sem almenn réttlæting fyrir lokunum þegar vægari úrræði, svo sem fræðsla, merkingar og skipulag umferðar, geta náð sambærilegum árangri. Hér er rétt að minna á að stjórnsýslunni er skylt að beita vægustu úrræðum til að ná markmiðum sínum hverju sinni.

Aðgengi að náttúrunni má ekki verða forréttindi

SAMÚT leggur áherslu á að aðgengi að íslenskri náttúru verði ekki í vaxandi mæli háð greiðslugetu fólks. Útivist og ferðalög innanlands eru mikilvægur þáttur í sjálfsmynd og lífsgæðum þjóðarinnar. Þau stuðla að hreyfingu, líkamlegri og andlegri vellíðan, félagslegum tengslum og aukinni þekkingu á landinu. Þegar kostnaður við ferðalög eykst vegna gjaldtöku á bílastæðum, tjaldsvæðum og við náttúruperlur, getur það haft áhrif á möguleika fjölskyldna til að ferðast. SAMÚT telur því að stjórnvöld eigi að móta stefnu sem auðveldar fjölskyldum, ekki síst barnafjölskyldum, að njóta náttúru Íslands án óhóflegs kostnaðar. Þetta felur ekki í sér að öll þjónusta þurfi að vera gjaldfrjáls, en náttúru upplifunin sé gjaldfrjáls engu að síður. Hér þarf að gæta þess að gjaldtaka vegna þjónustu verði ekki til þess að skapa óþarfar félagslegar hindranir að náttúrugæðum, sem almenningur á lögvarinn rétt til að njóta. Þar þarf sérstaklega að gæta að gjaldfrjálsu aðgengi barna og ungmenna.

Samhliða þarf að endurskoða reglur um gistingu ferðafólks með tilliti til ólíkra ferðamáta. Þarfir þeirra sem ferðast með tjöld eru ekki þær sömu og þeirra sem ferðast í húsbílum eða öðrum ökutækjum.

Reglur þurfa að vera skýrar, sanngjarnar og taka mið af raunverulegum aðstæðum.

2. Ábyrgð stjórnvalda á fræðslu, leiðbeiningum og upplýsingagjöf

Eitt mikilvægasta áhersluatriði SAMÚT beinist að ábyrgð stjórnvalda á því að almenningur hafi ávallt aðgang að skýrum, réttum og uppfærðum upplýsingum um heimildir til ferðalaga. SAMÚT telur að þetta viðfangsefni eigi að verða eitt af fjórum meginbaráttumálum samtakanna á starfsárinu 2026–2027, það er að segja að stjórnvöld tryggi að upplýsingar og heimildir til ferðalaga, séu nægjanlegar og upplýsandi fyrir ferðamenn hverju sinni. Krafan byggist á grundvallarsjónarmiðum um réttaröryggi, jafnræði og góða stjórnsýslu.

Þegar stjórnvöld setja reglur um umferð um landið, takmarka aðgengi eða banna tiltekna ferðamáta verður almenningur að geta kynnt sér þær reglur með einföldum og áreiðanlegum hætti. Óljósar merkingar, misvísandi kort og ófullnægjandi upplýsingar skapa óvissu sem getur leitt til óviljandi brota á reglum, ágreinings og jafnvel náttúruspjalla. Það er ekki ásættanlegt að gera sífellt ríkari kröfur til ferðafólks um að þekkja og virða reglur án þess að stjórnvöld tryggi jafnframt að reglurnar séu aðgengilegar, skýrar og auðskiljanlegar. Þetta er grundvallaratriði.

Ábyrgð á góðri umgengni um landið hvílir vissulega á ferðafólkinu sjálfu. En ábyrgðin á því að skapa forsendur fyrir upplýstri og lögmætri ferðamennsku verður ekki lögð á einstaklingana eina. Þar þarf til markvissar og árangursríkar leiðbeiningar stjórnvalda sem eru augljósar og auðskildar. Stjórnvöld verða að axla sinn hluta ábyrgðarinnar.

Samræmdar og áreiðanlegar upplýsingar

SAMÚT telur nauðsynlegt að opinberir aðilar tryggi samræmda upplýsingagjöf um vegi, slóða, gönguleiðir, reiðleiðir og aðrar ferðaleiðir. Upplýsingar um ferðaleiðir, tímabundnar lokanir, hættur og viðkvæm náttúrusvæði þurfa að vera aðgengilegar á einum stað og uppfærðar reglulega. Sérstaklega er mikilvægt að merkingar á vettvangi séu skýrar og í samræmi við opinber kort og stafrænar upplýsingar. Ekki er síður mikilvægt að upplýsingar séu settar fram með þeim hætti að bæði íslenskir og erlendir ferðamenn geti nýtt sér þær. SAMÚT leggur til að stjórnvöld komi á fót samræmdum upplýsingavettvangi þar sem almenningur geti með einföldum hætti kynnt sér gildandi reglur um ferðalög á hverjum tíma. Slíkur vettvangur ætti meðal annars að veita upplýsingar um akstursleiðir, gönguleiðir, reiðleiðir, tímabundnar lokanir, viðkvæm náttúrusvæði og öryggisatriði.

Þessi þjónusta ætti að vera aðgengileg og án endurgjalds.

Fræðsla er forsenda fyrir ábyrgri náttúruvernd

SAMÚT telur að fræðsla eigi að vera eitt mikilvægasta verkfæri stjórnvalda í náttúruvernd. Árangursrík náttúruvernd byggist ekki eingöngu á bönnum, takmörkunum og viðurlögum. Hún byggist einnig á þekkingu, skilningi og ábyrgri hegðun. Því þarf að

efla almenna fræðslu um ferðalög í íslenskri náttúru og gera hana aðgengilega öllum aldurshópum. Sérstaklega þarf að ná til ungs fólks og stuðla að því að góðir ferðasiðir verði hluti af almennri menntun og uppeldi.

Útivistarfélög landsins hafa um áratugaskeið miðlað þekkingu á ferðalögum og ábyrgri umgengni um landið. Sú reynsla er mikilvæg og ætti að nýtast í skipulegu samstarfi við stjórnvöld. SAMÚT er reiðubúið að leggja sitt af mörkum til slíkrar fræðslu og hvetur stjórnvöld til að nýta þá þekkingu sem fyrir er innan aðildarfélaganna.

3. Ábyrg ferðamennska og vernd íslenskrar náttúru

SAMÚT leggur ríka áherslu á að öll ferðamennska um landið byggist á virðingu fyrir náttúrunni og góðum ferðasiðum. Aðildarfélög samtakanna eiga að vera til fyrirmyndar í umgengni um landið og stuðla að því að félagsmenn þeirra þekki og virði þær reglur sem gilda um ferðalög. Þetta á við um alla ferðamáta.

Barátta gegn utanvegaakstri

SAMÚT leggur sérstaka áherslu á að vinna gegn utanvegaakstri og þeim náttúruspjöllum sem af honum geta hlotist. Íslensk náttúra er víða sérstaklega viðkvæm fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Skemmdir á gróðri og jarðvegi geta verið langvarandi og í sumum tilvikum óafturkræfar. Árangursrík barátta gegn utanvegaakstri verður hins vegar ekki eingöngu byggð á bönnum og viðurlögum. Hún verður einnig að byggjast á öflugri fræðslu, skýrum reglum og aðgengilegum upplýsingum um það hvar akstur er heimill. Mikilvægt er að greina skýrt á milli utanvegaaksturs og aksturs eftir þekktum vegum og slóðum.

SAMÚT telur því nauðsynlegt að stjórnvöld efli fræðslu um akstur á hálendi Íslands, skýri samnýtingu vega og slóða, bæti opinberar leiðarupplýsingar og tryggi samræmi milli kortagagna og merkinga.

Vernd víðerna og ábyrg uppbygging

SAMÚT leggur ríka áherslu á vernd óspilltrar náttúru Íslands. Hálendi landsins er ein mikilvægasta sameign þjóðarinnar. Hálendið hefur ekki aðeins vistfræðilegt gildi heldur einnig menningarlegt og samfélagslegt mikilvægi. Upplifun af víðáttu, kyrrð og þeirri tilfinningu að vera fjarri skarkala, er hluti af sérstöðu íslenskrar náttúru. Samtökin telja því að fara verði með sérstakri varúð þegar teknar eru ákvarðanir um framkvæmdir á hálendinu.

Uppbygging mannvirkja getur haft varanleg áhrif á landslag, ásýnd og náttúruupplifun. Slík áhrif verða ekki alltaf metin út frá beinum náttúruspjöllum einum saman. Við ákvarðanatöku þarf einnig að taka tillit til óbyggðaupplifunar, landslagsheildar og langtímahagsmuna komandi kynslóða. SAMÚT leggst gegn framkvæmdum sem spilla

þessum verðmætum en viðurkennir jafnframt að í afmörkuðum tilvikum geti verið nauðsynlegt að bæta aðstöðu vegna öryggis og aðgengis. Þar verður meðalhóf að ráða för og ávallt að leita þeirra lausna sem hafa minnst áhrif á náttúru og landslag.

4. Öryggi ferðafólks og fjarskipti á hálendinu

Íslenska hálendið er víðfeðmt og víða erfitt yfirferðar. Veður geta breyst hratt og fjarlægðir frá byggð eru miklar. Við slíkar aðstæður geta áreiðanleg fjarskipti skipt sköpum fyrir líf og limi ferðafólks. SAMÚT telur að stjórnvöld beri ábyrgð á því að unnið verði markvisst að bættu fjarskiptasambandi á hálendi Íslands og öðrum fjölförnum útivistarsvæðum.

Að mati samtakanna eiga grunnfjarskipti sem nauðsynleg eru vegna öryggis ferðafólks ekki að vera háð arðsemiskröfu fjarskiptafélaga eða sérstakri aukagjaldtöku. Þessi krafa tengist almennri ábyrgð stjórnvalda á öryggi borgaranna og mikilvægi þess að grunninnviðir samfélagsins nái einnig til þeirra sem ferðast utan þéttbýlis. Öryggi ferðafólks verður ekki tryggt með því einu að leggja ábyrgðina á einstaka ferðamenn. Öruggt ferðaumhverfi krefst einnig vandaðra innviða, upplýsingagjafar og samstarfs opinberra aðila við þá sem þekkja ferðalög um landið af eigin raun.

Önnur verkefni.

SAMÚT sem sameiginlegur málsvari útivistarfélaga

Samút undirstrikaði mikilvægi þess að samtökin komi fram sem öflugur og samstilltur málsvari aðildarfélaganna. Þótt félögin hafi ólíkar áherslur eiga þau sameiginlega hagsmuni af því að almannaréttur sé virtur, ferðaleiðir séu skýrar og aðgengilegar og náttúruvernd byggi á þekkingu og ábyrgri umgengni. Jafnframt þarf að styrkja upplýsingamiðlun, meðal annars með öflugri og áreiðanlegri rafrænni miðlun, þar sem almenningur getur nálgast upplýsingar um almannarétt, ferðaleiðir, reglur og ábyrga ferðamennsku. Samtökin telja mikilvægt að stjórnvöld hafi skipulegt og virkt samráð við SAMÚT þegar undirbúin eru lagafrumvörp, stjórnvaldsákvarðanir eða framkvæmdir sem geta haft áhrif á útivist og ferðafrelsi. Slíkt samráð er ekki aðeins mikilvægt fyrir hagsmunagæslu útivistarfélaganna. Það getur einnig stuðlað að vandaðri ákvarðanatöku með því að nýta reynslu og þekkingu þeirra sem ferðast reglulega um landið, svo ekki sé minnst á ferðaþjónustuna sem byggir á áratuga reynslu þeirra sem lögðu grunn að ferðamennsku um óbyggðir og hálendi Íslands.

Samantekið: forgangsröðun og verkefni starfsársins 2026–2027

1. **Vernd almannaréttar og ferðafrelsis**

SAMÚT beitir sér fyrir því að lögbundinn réttur almennings til umferðar og dvalar í náttúrunni verði virtur í framkvæmd. Samtökin fylgist sérstaklega með ákvörðunum um lokanir ferðaleiða, gjaldtöku og breytingar á aðgengi að náttúrusvæðum. Jafnframt verði lögð áhersla á að stjórnvöld hafi samráð við útivistarfélög áður en teknar eru ákvarðanir sem geta haft veruleg áhrif á ferðamöguleika almennings.

2. **Fræðsla, leiðbeiningar og opinber upplýsingagjöf**

SAMÚT gerir það að sérstöku baráttumáli að stjórnvöld tryggi samræmdar, aðgengilegar og áreiðanlegar upplýsingar um heimildir til ferðalaga. Samtökin beiti sér fyrir því að opinberir aðilar komi á fót sameiginlegum upplýsingavettvangi þar sem almenningur geti kynnt sér reglur, leiðir, takmarkanir og öryggisatriði. Jafnframt verði unnið að því að efla fræðslu um almannarétt, náttúruvernd og ábyrga ferðamennsku, sérstaklega meðal ungs fólks. Áhersla er lögð á að SAMÚT býður fram þekkingu og reynslu aðildarfélaganna til samstarfs við stjórnvöld um þessi verkefni.

3. **Náttúruvernd, öryggi og samstarf**

SAMÚT beitir sér fyrir ábyrgri ferðamennsku, vernd víðerna og bættum öryggisinnviðum. Sérstök áhersla verði lögð á baráttu gegn utanvegaakstri, bætta merkingu ferðaleiða og örugg fjarskipti á hálendinu. Jafnframt verði unnið að því að efla samstarf aðildarfélaganna og tryggja að SAMÚT verði virkur og viðurkenndur samráðsaðili stjórnvalda um málefni útivistar og náttúruverndar.

4. **Öryggi ferðafólks.**

Að fjarskipti á hálendinu verði tryggð þannig að öryggi ferðamanna á hálendi Íslands verið með þeim besta hætti sem þekkist hvað samskipti varðar. Hér er bæði litið til símasambands og annarra samskiptaleiða.

Lokaorð

Stefnumótunarfundur SAMÚT 29. október 2026 markaði skýra afstöðu samtakanna til þeirra grundvallarsjónarmiða sem eiga að móta starf þeirra á komandi starfsári. Í þeirri afstöðu felst að almannaréttur sé samfélagslegt réttindamál, náttúruvernd sé á sameiginlegri ábyrgð ábyrgð okkar allra og frjáls för um landið mikilvægur þáttur í lífsgæðum þjóðarinnar. Jafnframt er lögð áhersla á að réttindi og skyldur verði að fara saman og að öryggis í samskiptum sé tryggt.

Almenningur ber ábyrgð á að ganga vel um landið, virða reglur og sýna náttúrunni virðingu. Útivistarfélögin bera ábyrgð á að miðla þekkingu, stuðla að góðum ferðasiðum

og vera öðrum til fyrirmyndar. Stjórnvöld bera hins vegar þá ábyrgð að skapa skýrar og traustar forsendur fyrir því að almenningur geti nýtt réttindi sín með ábyrgum og öruggum hætti. Þau verða að tryggja að reglur séu skýrar, leiðbeiningar aðgengilegar, upplýsingar réttar og fræðsla markviss. Jafnframt þurfa þau að gæta meðalhófs þegar aðgengi að náttúrunni er takmarkað og tryggja að lögbundinn almannaréttur sé virtur alltaf og alls staðar.

Náttúra Íslands er ein mikilvægasta sameiginlega auðlind þjóðarinnar. Hún er ekki aðeins uppspretta efnahagslegra verðmæta heldur einnig grundvöllur menningar, lífsgæða og sjálfsmyndar okkar. Það er því sameiginlegt verkefni stjórnvalda, landeigenda, útivistarfélaga og almennings að tryggja að komandi kynslóðir geti áfram ferðast um landið og notið náttúru þess.

Almannaréttur verður ekki tryggður með lagatexta einum saman. Hann verður aðeins raunverulegur þegar rétturinn er virtur í framkvæmd, upplýsingar um hann eru aðgengilegar og stjórnvöld axla ábyrgð á því að almenningur geti nýtt hann.

Þetta eru þau áhersluatriði sem SAMÚT leggur til grundvallar starfi sínu á starfsárinu 2026–2027.